

Verkefnaráðsfundur 23.01.2025

Gagnaverkefni 2025.....	2
Gagnalandslag FAS og MOS.....	4
Nýr samskiptamiðill Reykjavíkurborgar.....	6
Innkaup umsjónarkerfis SFS.....	9
Uppfærsla Veitu.....	11
Önnur mál	13

Verkefnaráðsfundur 23.01.2025

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 2024
Dagsetning 23.01.2025	Staðsetning Borgartún 12-14
Mættir: Eva Björk Björnsdóttir, Harpa Atladóttir, Óskar Sandholt, Ólafur Sólimann Helgason, Arna Ýr Sævarsdóttir, Inga Rós, Birgir Lúðvíksson, Hallgrímur, Halla María, Helen Símonardóttir, Guttormur og Magnús Bergur	
Fjarverandi:	
Fundarritari: Eva Björk Björnsdóttir/ Harpa Atladóttir	

Fimmtudagur 23. janúar 2025, kl. 10:00 –11:30 6.hæð vestur, Þverárkot, Borgartún 12-14

10:00 -10:05 Samstilling
10:05–10:25 Gagnahlaðborð 2.0 og Gagnalandslagið: Inga Rós
10:25–10:30 Umræður
10:30–10:45 Nýr samskiptamiðill Reykjavíkurborgar: Birgir og Hallgrímur
10:45–10:50 Umræður
10:50-11:05 Umsjónarkerfi fyrir SFS: Halla María
11:05-11:10 Umræður
11:10-11:25 Uppfærsla Veitu: Guttormur Árni og Magnús Bergur
11:25-11:30 Umræður og önnur mál
11:30 Fundi slitið

Gagnaverkefni 2025

Með því að tryggja góðar gagnaundirstöður og gagnagæði aukum við gæði og trúverðugleika greininga, sem skilar sér í virði innan borgarinnar sem og til íbúa í formi betri ákvarðanatöku og traustari upplýsingagjafar, það dregur úr kostnaði og eykur gagnsæi, skapar grundvöll fyrir frekari tækifæri til verðmætasköpunar fyrir borgina, starfsfólk, borgarbúa, fyrirtæki og samfélagið í heild.

Í dag er flöskuháls í starfsemi gagnþjónustunnar þegar kemur að hönnun, þróun og uppbyggingu gagnainniða og vöruhúss gagna. Það þarf að innleiða og þjálfa fræni í að nota ákveðin kerfi og vöruhús gagna inná sviðum borgarinnar. Því er talið að auka þurfi stuðning og halda áfram að byggja upp núverandi teymi.

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

Fjárfestingar fjármagni upp á 157.200.000 kr.

Nýtt:

- Bæta við 2 x Data Engineers
- Ráða og innleiða hlutverk 3 x Data Stewards

Áframhaldandi:

- 2 x Framendaforritarar (2x40%)
- 1 x Vöruhönnuður (50%)
- 1 x Data Architect (80-100%)
- 1 x DevOps sérfr (50%)

Búið er að gera: Farið var í 33 verkefni á árinu 2024 þar sem 18 er lokið, 12 eru í vinnslu og 3 eru á bið

Með verkefninu á m.a að: Halda áfram með verkefni frá árinu 2024 og fara í ný verkefni, meðal annars tengd vöruhúsi, ytri forritaskil, gagnalandslag sviða og hugtakasafn.

Áhersla verður lögð á:

- Gagnahlaðborð – gagnasögur, gagnvirkni, gagnagátt, opin gögn og gröf.
- Áframhaldandi innviðauppbyggingu.
- Einföldun á aðgengi að gögnum og gagnavörum borgarinnar.
- Enn verðmætara starfsfólk.
- Vera leiðandi í hagnýtingu ábyrgrar gervigreindar.

Væntur ávinningur/ábati:

- Skýrir ferlar
- Skýrt eignarhald
- Samræmi í verklagi/skráningum
- Minni sóun
- Betri nýting á auðlindum
- Heildræn sýn á rekstur borgarinnar
- Traust á gögnum/niðurstöðum greininga/ákvörðunum

Ábati: Kostnaður og tímasóun við vinnu sem byggir á slæmum gögnum hjá borginni er gríðarlegur og munu gagnaverkefni stuðla að úrbótum þar, draga úr kostnaði, auka hraða og áreiðanleika ákvarðana og auka gagnsæi innan stjórnsýslunnar.

Dæmi um ábata:

- Endurbætt gagnahlaðborð
 - 8.500.000 kr í fjárhagssparnað á ári vegna útleiðingar á gagnavinnslustöð
 - Aukin sjálfvirkni, betra aðgengi að opnum gögnum borgarinnar.
 - Gátt fyrir öll opin gögn borgarinnar á einum stað.
- Mælaborð Ráðninganefndar: Ferlar óskýrir, ósamræmi í skráningum og verklagi veldur lélegum gögnum.

- 6 mánaða átak, kostnaður sem sparast við verkefnið gætu orðið tæpar 38.000.000 kr. á ári þar sem 7 starfsmenn og verktakar voru í verkefninu frá 10-100%.
- Ábati felur í sér:
 - Skýrir ferlar
 - Skýrt eignarhald
 - Samræmi í verklagi/skráningum
 - Minni sóun
 - Betri nýting á aðulindum
 - Heildræn sýn á rekstur borgarinnar
 - Traust á gögnum/niðurstöðum greininga/ákvörðunum

Tímarammi: Árið 2025

Áætlaður kostnaður: 157.200.000 kr

Næstu skref: Áframhaldandi vinna og fylgja tímalínunum.

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags 23.01.2024: 3,53

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkt. Þetta er uppbygging á þessu ári, þurfum að koma þessu svo í rekstur. Ein heimildarbeiðni fyrir fjármagninu.

Nr.	Ákvörðun
1	Samþykkt

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir skrifstofustjóra Gagnaþjónustunnar	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

Gagnalandslag FAS og MOS

Verkefnið gengur út á það að byggja upp heildstætt gagnalandslag Reykjavíkurborgar, hefur vinna verið hafin með SFS, VEL, FAS og MOS. Verkefnið gagnalandslag FAS og MOS hófst seinnipart

árs 2024 og mun því halda áfram fram til árs 2026. Eftir því sem gagnamagn Reykjavíkurborgar heldur áfram að aukast er mikilvægt að hafa ferla til þess að stjórna skipulögðum, hálfskipulögðum og óskipulögðum gögnum sem safnast upp. Þessi vinna felur meðal annars í sér að setja upp ferla fyrir sjálfvirkar færslur gagna frá upprunakerfum yfir í vöruhús gagna. Mikilvægt er að tryggja að unnið sé eftir bestu stöðlum um gagnastjórnun, allt frá hönnun kerfis, vinnslu og greininga gagna og til birtinga gagna í vöruhúsi sem og að leiða saman hagaðila til að tryggja réttar upplýsingar um flæði yfir í vöruhús.

Í lok seinasta árs var lærdómur af verkefninu tekinn saman og farið yfir hvað gekk vel og hvað mætti gera betur. Niðurstaðan var sú að mikil vinna fer í utanumhald og að samræma væntingar og skilning hagaðila á verkefnin, einnig hefur farið mikill tími í að mappa þarfir hagaðila þegar kemur að gögnum og greiningum. Á árinu var bætt við stöðugildi verkefnastjóra í verkefnateymið til þess að halda utan um gagnalandslagsverkefni. Það hafa komið upp hindranir er varða til dæmis umsóknir en mikilvægt er að halda vinnustofur og endurskipuleggja nálgun við verkefnið á nýju ári.

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

Fjárfestingar fjármagni við áframhaldandi vinnu verktaka:

- 3 x gagnaverkfræðingar (50-60%)
- 2 x verkefnastjórar (50-60%)
- 1 x verkefnastjóri/team Lead (50%)

Búið er að gera:

Ýmis gögn eru komin í vöruhús gagna, til dæmis fjöldi gagna úr kerfum sem tilheyra SFS, VEL og þvert á svið. Ýmis gögn eru í vinnslu fyrir FAS og MOS eins og fjárhagskerfi, vinnustund og launakerfi. Einnig er hugtakasafn tilbúið og hefur skráning hugtaka átt sér stað en það vantar samþykki frá sviðum varðandi skilgreiningar á hugtökum.

Næstu skref í verkefninu:

- Agresso gögn komin frá FAS og byrjað að vinna með þau en til að byrja með verða sótt gögn úr Agresso sem notuð eru af VEL og SFS.
- Skráningar í Bjargey: Aðgangsgrunninum verður fasað út og skráningar færast úr handavinnu í excel yfir í Bjargey.
- Fá skilgreiningar á hugtökum í hugtakasafni frá sviðum borgarinnar.
- Útleiðing á gagnagreiningar- og gagnavinnslulausninni QlikSense.
- Power BI – skýrslutól: Áframhaldandi endurgerð á skýrslum úr Qlik í PowerBI.
- Aðgangsstýringar: Setja upp og skilgreina aðgangsstýringar á gagnagrunna hvers sviðs og vöruhús.

Væntur ávinningur/ábatni af verkefninu:

- Samkvæmt útreikningum frá starfsfólki FAS, er væntur ávinningur af gagnalandslagsverkefninu um það bil 700 milljónir á ári fyrir borgina, sem birtast í útreikningum út frá fjölda starfsfólks sem þarf í dag til að sækja, hreinsa, uppfæra og birta gögn, ásamt tímanum sem fer í þessa vinnu. Í dag kostar þessi óskilvirkni borgina um það bil 900 milljónir á ári. En með aukinni sjálfvirkni, einfaldara, betra og traustara aðgengi að gögnum, mun fjöldi starfsmanna sem þarf í þessa vinnu í dag dragast saman ásamt því að væntur tímasparnaður verður mikill. Þá er talið að gagnalandslagsverkefnið dragi kostnaðinn í dag úr 900 milljónum niður í u.þ.b. 200 milljónir.
- Minni sóun - aukin tækifæri.
- Aukin sjálfvirkni í ferlum.
- Aukið gegnsæi í stjórnsýslumálum til að fækka handtökum og einfalda stjórnsýslu.
- Samræmd hugtök og skýr ábyrgð.
- Auðveldara aðgengi, betri svör og betri ákvarðanir.
- Notendamiðuð nálgun og notendavænar lausnir.

Tímarammi: 12 mánuðir

Áætlaður kostnaður: 101.200.000 m.kr

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags 08.02.2024: 3,53

Niðurstaða verkefnaráðs:

Verkefnið er samþykkt. Mikilvægt er að koma verkefninu í rekstur eftir þetta ár.

Nr.	Ákvörðun
1	Samþykkt

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir skrifstofustjóra gagnþjónustu	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

Nýr samskiptamiðill Reykjavíkurborgar

Núverandi samskiptamiðill borgarinnar (Workplace) mun hætta rekstri og þjónustu 1. júní 2026 en frá og með 1. september 2025 verður lausnin einungis til í lesham. Samskiptamiðilinn er

samskipta-, samvinnu- og upplýsingatól fyrir Reykjavíkurborg og sameinar starfsfólk þvert á borgina. Samþykkt var á verkefnaráðsfundi þann 19. júní 2024 að úthluta verkefnastjóra í þarfagreiningu, kostnaðarmat, yfirfærslu og innleiðingu. Þarfagreiningu lauk í janúar og var því komið inn á verkefnaráðsfund með niðurstöðu þarfagreiningar og nýja kostnaðaráætlun. Niðurstaða hennar er sú að taka upp kerfið Viva Engage sem er sambærilegt kerfi og fyrri samskiptamiðill borgarinnar sem leysir allar grunnþarfir samskiptamiðils. Hér að neðan má sjá frekari útlitun á verkefninu.

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

1. Fjármögnun upp á 35.250.000 kr fyrir innleiðingu á Viva Engage.

Búið að gera:

- Eigindleg samtöl við hópa af miðlægri skrifstofum sviðanna.
- Megindleg skoðanakönnun (642 svör).
- Eigindleg samtöl við helstu notendahópa (sorphirða, bílastæðasjóður, stuðningsfulltrúar).
- Kynningar fengnar á helstu lausnum sem eru í boði.
- Samtal við Crayon, Wise og KPMG.

Með verkefninu á m.a að:

Taka upp Viva Engage sem leysir allar grunnþarfir samskiptamiðils. Nýta núverandi leyfi betur. Hér er um að ræða stórt skref í átt að samræmdri innri miðlun borgarinnar.

Niðurstaða forgreiningarinnar mælir með að samræma alla innri miðlun á einn stað. Því er lagt til að við stígum fyrstu skrefin í átt að samræmdri innri miðlun í þessu verkefni. Draugasýn er að verkefnið verði unnið samhliða SharePoint innleiðingu og saman verða þau þungamiðjan í innri miðlun borgarinnar. Helsti hagur þess að vinna þessi verkefni saman er sá að Fróði (innri vefur borgarinnar) færist yfir á SharePoint síðu samhliða breytingunni á samskiptamiðli Reykjavíkurborgar og hægt er að kynna báðar lausnir á sama tíma.

Væntur ávinningur/ábati:

Ómælanlegur ábati:

- Viva Engage samskiptamiðlalausnin er í M365 svítunni sem er nú þegar verið að greiða fyrir og því þarf ekki að borga aukalega fyrir þessa lausn.
- Allt starfsfólk þegar með aðgang að M365 svo ekki er þörf á frekari leyfisgjöldum en hugbúnaðurinn er innifalinn í leyfum borgarinnar.
- Öll gögn í M365.
- Bætt ímynd ef tekst að nota betur þær lausnir sem þegar eru til staðar og sleppa við auka leyfisgjöld.
- Ánægja starfsfólks m.v. þarfagreiningu.
- Samruni við innri vefinn.
- Heildstæð framtíðarsýn og betri nýting á SharePoint.

- Samskiptamiðill er menningar skapandi.

Mælanlegur ábati:

- Tímasparnaður 12 m.kr. (kostnaður við útboð, 6 mánaða ferli).
- Lækkun leyfa- og rekstrarkostnaðar við það að fara úr Workplace í Viva Engage fer úr 25 m.kr. á ári í 5 m.kr.

Samtals: Sparnaður á 4 árum alls 64 m.kr eða 16 m. kr. á ári (útreikningur á ábata við það að fara ekki í útboð og nota Viva Engage, þá er ótalinn sparnaður við leyfisgjöld á öðru kerfi).

Tímarammi: 14 mánuðir

Áætlaður kostnaður: 32.250.000 kr.

Næstu skref:

- Samtal við UTR varðandi AD skráningar og stofnun nýrra hópa inn í Viva Engage.
- Opna fyrir aðgang hjá völdum aðilum.
- Þjónustuhönnun og uppsetning hópa.
- Innleiðingar og birtingaráætlun ákvörðuð með helstu hagaðilum
- Kanna möguleikann á að kynna Viva Engage á Stjórnendadeginum og Menntastefnumóti SFS

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags 23.10.2024: 2,8

- Draumasýnin að geta sett upp sharepoint síðu, ef ég þarf ekki fróða... Erum að taka stórt skref með þessari leið og einfalda okkur ýmislegt. Fyrsta að koma viva í gagnid svo stærra verkefni að færa fróða yfir á sharepoint. Vorum ekki 100% sammála um þessa leið.

Niðurstaða verkefnaráðs

Samþykkt, þetta er skynsamleg og rétt leið til lengri tíma. Erum að einfalda kerfið okkar og spara rekstrarkostnað. Leggja áherslu á að á nýjum samskiptamiðli er ekki verið að varðveita gögn. Byrjum á að koma Viva Engage í gagnid, það að færa Fróða yfir á sharepoint er stærra verkefni og þarf að fara í nánari greiningu á því og koma aftur fyrir verkefnaráð með þá kynningu.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni samþykkt

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga MOS um niðurstöðu verkefnaráðs, vörustjóra og verkefnastjóra	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra verkefnastofu um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

Innkaup umsjónarkerfis SFS

Samningur við InfoMentor um fjögur umsjónarkerfi fyrir Skóla- og frístundarsvið (SFS) rennur út þann 1. mars 2025. Núverandi umsjónarkerfi (Vala) var áður í eigu Advania en InfoMentor keypti nýverið lausnina. Sviðið þarf að fara í útboð á umsjónarkerfi til þess að tryggja áframhaldandi umsjón vegna þjónustu við börn.

Verkefnið kom fyrir verkefnaráð þann 31. október 2024 og var það samþykkt. Ráðið óskaði eftir því að skoðað yrði hvort að kerfi á markaði gæti sinnt þörfum allra námsstiga, stafrænn leiðtogi kannaði þessa beiðni með SFS og var niðurstaðan sú að halda innkaupum á kerfi fyrir leikskóla, frístund og skólamat aðskilið frá innkaupum fyrir námsumsjónarkerfi. Aðalástæðan er sú að vinnan við þetta verkefni er komið langt á veg, er það metið svo að með því að bæta námshlutanum við muni það tefja verkefnið. Einnig var óskað eftir því að verkefnið væri umfangsmetið aftur og það kynnt fyrir verkefnaráði. Nú er því umfangsmati lokið og verður farið yfir það hér að neðan.

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

Verkefnastjóra til að halda utan um kaup á kerfi sem snýr að allri þjónustu við börn í skóla- og frístundastarfi og verður í rekstri hjá upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar (UTR), þjónustueigandi verður á SFS.

- Verkefnastjóri í 50% starf í 24 mánuði
- Innri kostnaður
- Innleiðingarkostnaður birgja

Heildarupphæð 32,5 m. kr.

Búið að gera:

- Vinna við kröfulýsingu.
- Rætt hefur verið við ýmsa hagsmunaaðila.

- Vinnustofur hafa verið haldnar með þjónustuveitendum.
- Forval var sent út fyrir samkeppnisviðræður.
- Samkeppnisviðræðum var slitið eftir sölu Advania á skólalausnum til InfoMentor.

Með verkefninu á m.a að:

Tryggja áframhaldandi umsjón vegna þjónustu barna með því að fara í innkaup á umsjónarkerfi fyrir SFS. Ákjósanleg lausn er að vera með eitt kerfi í stað fjögurra sem heldur utan um alla þjónustu barna í skóla- og frístundastarfi, einfalda reikningagerð og fá betri yfirsýn.

Í dag eru þessi fjögur kerfi starfrækt, þ.e Vala leikskóli, Vala vetrarfrístund, Vala sumarfrístund og Vala matur.

Væntur ávinningur/áhati:

Ómælanlegur áhati:

- Starfsánægja, einfaldara verklag, betri yfirsýn
- Bætt ímynd
- Ánægja foreldra

Mælanlegur áhati:

- Tímasparnaður starfsfólks er metinn óverulegur en gera má ráð fyrir 240 klst á ári. Felst í því að hætta að vinna í excel utan kerfisins og gera útreikninga sjálfvirka. Vinna í einu kerfi sparar tíma þegar reikna á út afslætti vegna systkina.
-
- Tímasparnaður foreldra er metinn óverulegur en gera má ráð fyrir 225 klst sparnaði á ári. Áætlað út frá því að umsóknarferlið er einfaldara, foreldrar sjá allar umsóknir barna sinna í einu kerfi og fá einn reikning.
-
- Talið er að eitt kerfi muni lækka leyfiskostnað um allt að 20% og einnig má draga saman kostnað við hýsingu þar sem möguleiki er á hýsingu lausnar í nýju gagnaveri borgarinnar.
 - Áætlaður sparnaður frá núverandi kerfi: 8. m.kr

Tímarammi: 24 mánuðir

Áætlaður kostnaður: 32.500.000 kr

Næstu skref:

- Óska eftir framlengingu á samningi við InfoMentor vegna Völu skólalausna sem nú þegar eru í notkun.
- Útboðsgerð - vinna var hafin í fyrra verkefni sem nýtist við útboðsgerð í þessu verkefni.

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags 31.10.2024: 3,2

Niðurstaða verkefnaráðs

Samþykkt, mjög rökrétt og þarf að gera þetta vel. Mjög skýr kynning og flott að halda áfram.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni samþykkt

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðilli	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga SFS um niðurstöðu verkefnaráðs.	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra verkefnastofu um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	x

[Aftur í efnisyfirlit](#)

Uppfærsla Veitu

Þörf er á uppfærslu á tveim þáttum Akstursþjónustu (Veitu) til þess að koma til móts við breytingu í gjaldskrá og reglugerð akstursþjónustu sem tóku gildi um áramótin. Megintilgangur þessa verkefnis er að umsóknir akstursþjónustu samræmist lögum og reglum um akstursþjónustu Reykjavíkurborgar

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

- Fjármagni sem nemur 4.320.000 kr.

Búið að gera:

- Stilla upp umfangsmati og setja upp tímalínu.

Með verkefninu á m.a að:

- Setja upp sjálfvirka tölvupóst tilkynningu sem berst umsækjanda þegar x langur tími er þar til þarf að endurnýja.
- Breyta umsókn akstursþjónustu þannig að notandi geti valið greiðslufyrirkomulag.

Væntur ávinningur/ábati:

Ábatinn felst fyrst og fremst í því að uppfylla lög og reglur um akstursþjónustu. Leggur þannig grunn að áframhaldandi þróun Veitu sem mun nýtast þegar kemur að því að sameina Veitur sveitafélaganna. Ímynd verður bætt og ánægja borgarbúa til staðar. Með verkefninu mun verða komið í veg fyrir hugsanlegar kærur.

Tímarammi: 2 ½ mánuðir**Áætlaður kostnaður:** 4.320.000.kr.**Næstu skref:**

- Fundur með hagsmunaaðilum.
- Hönnun á útliti uppfærðar akstursþjónustu.
- Samtöl við Pant (sem sér um akstursþjónustu).
- Fínþússa mat á umfangi.

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni**Skor verkefnisins í Fylkinu:**

Staðfest skor verkefnaráðs dags 23.01.2025: Á ekki við, vara í vörustýringu.

Niðurstaða verkefnaráðs

Ekki samþykkt þar sem samvinna sveitarfélaganna er að fara í gang, sem er nú þegar samþykkt af Borgarráði. Óskað eftir að fá nánari upplýsingar um kostnað niður á leiðirnar, þ.e akstursþjónusta og tölvupósttilkynningar.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni ekki samþykkt

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðilli	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga VEL og vörustjóra um niðurstöðu verkefnaráðs.	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra vef- og vörustýringardeildar og teymisstjóra stafrænna leiðtoga um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

Önnur mál

Spurningar sem þarf að svara varðandi vörustýringu.

1. Hvenær þarf vörustjóri að óska eftir fjármagni til þess að fara í verkefni og þarf að fara í heimildarbeiðni?

Svar:

- Ef það er ekki til fjármagn á vörunni og ef það er verið að tala um nýþróun. Þörfin þarf að vera skýr frá eiganda.

2. Hvenær má vörustjóri taka ákvörðun sjálfur um að nýta sinn mannskap í verkefni og nýta þannig það fé sem hann á af rekstri?

Svar:

- Traust til vörustjóra og gagnsæi er til staðar, meðal annars með utanumhaldi vöru í vöruskrá. Hugsunin er sú að það sé fjármagn á rekstri sem getur leyst minniháttar viðbætur.
- Tvisvar á ári á að leggja fram fyrir verkefnaráð kynningu um vegvísi vörunnar þar sem fram kemur hvað er búið að gera, hvað er framundan o.s.frv. Það er svo kynnt fyrir stafrænu ráði.
- Hugmyndafræðin - Núna erum við að hugsa þetta að þjónustuhönnuðir í dag taka ferkar rekstarverkefni en við úthýsum þjónustuhönnuðina í fjárfestingarverkefnum.

Hvert á hlutfall vörustýringar að vera fyrir hverja vöru?

Svar:

- Það þarf að þróast, finna út hvað hentar fyrir hverja vöru.

Aftur í efnisyfirlit

Næsti fundur:

Næsti fundur verkefnaráðs ÞON verður haldinn 6.febrúar 2025.